

## REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð um fjárhagsaðstoð við sjálfviljuga heimför á grundvelli laga um útlendinga, nr. 607/2023.

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Á eftir orðunum "til baka" í 1. málsl. 1. mgr. kemur: dregið kærú sína til baka á kærustigi.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Útlendingur á ekki rétt á aðstoð við sjálfviljuga heimför á meðan umsækjandi er með dvalarleyfisumsókn eða umsókn um ríkisborgararétt í vinnslu hjá Útlendingastofnun.

## 2. gr.

Á eftir 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Með greiðslu viðbótarstyrks er átt við styrk sem greiðist til viðbótar við enduraðlögunarstyrk og tekur mið af því á hvaða stigi málsmeðferðar ósk um aðstoð við heimför er borin fram. Réttur til greiðslu viðbótarstyrks fellur niður eftir að frestur til heimfarar er liðinn.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað töflu í 1. mgr. kemur ný tafla, svohljóðandi:

| Ríki                                                             |                      | Ferða-<br>styrkur | Enduraðlögunarstyrkur | Viðbótarstyrkur,<br>ef sótt er um <u>áður</u><br>en niðurstaða liggur<br>fyrir á kærustigi, allt<br>að | Viðbótarstyrkur,<br>ef sótt er um <u>eftir</u> að<br>niðurstaða liggur fyrir<br>á kærustigi og áður en<br>frestur til heimfarar er<br>liðinn, allt að |
|------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------|-----------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| A                                                                | Fullorðinn           | 200<br>evrur      | 2.000 evrur           | 2.000 evrur                                                                                            | 500 evrur                                                                                                                                             |
|                                                                  | Barn                 | 100<br>evrur      | 1.000 evrur           | 1.000 evrur                                                                                            | 500 evrur                                                                                                                                             |
|                                                                  | Fylgdarlaust<br>barn | 200<br>evrur      | 2.000 evrur           | 1.000 evrur                                                                                            | 500 evrur                                                                                                                                             |
| B                                                                | Fullorðinn           | 200<br>evrur      | 1.000 evrur           | 1.500 evrur                                                                                            | 500 evrur                                                                                                                                             |
|                                                                  | Barn                 | 100<br>evrur      | 500 evrur             | 1.000 evrur                                                                                            | 500 evrur                                                                                                                                             |
|                                                                  | Fylgdarlaust<br>barn | 200<br>evrur      | 2.000 evrur           | 1.000 evrur                                                                                            | 500 evrur                                                                                                                                             |
| C<br>Undanþegin<br>skyldu til að<br>hafa<br>vegabréfs-<br>áritun | Fullorðinn           | X                 | 500 evrur             | X                                                                                                      | X                                                                                                                                                     |
|                                                                  | Barn                 | X                 | 500 evrur             | X                                                                                                      | X                                                                                                                                                     |
|                                                                  | Fylgdarlaust<br>barn | X                 | 500 evrur             | X                                                                                                      | X                                                                                                                                                     |

b. Í stað orðanna "A eða B" í 2. mgr. kemur: A, B eða C.

c. Á eftir orðunum "í formi reiðufjár" í 3. málsl. 4. mgr. kemur: og í öðrum gjaldmiðli en evrum.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. orðast svo: Útlendingur sem sótt hefur um alþjóðlega vernd og er staddur hér á landi við gildistöku reglugerðarinnar og fellur undir flokk C í töflu 3. gr. skal fá greidda styrki samkvæmt flokki B.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að hafa milligöngu um greiðslu enduraðlögunarstyrkja, sem eru á vegum alþjóðastofnana, þótt um sé að ræða umsækjanda sem á ekki rétt á styrk skv. 1. gr. Útlendingur getur þó ekki fengið enduraðlögunarstyrk á vegum alþjóðastofnana samhliða enduraðlögunarstyrk á vegum íslenskra stjórnvalda.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 104. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 2. júlí 2024.

**Guðrún Hafsteinsdóttir.**

*Haukur Guðmundsson.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.